

Ed.

541. Breytingartillögur

[191. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „að ráða hagfróðan mann í þjónustu sína svo og fleiri starfsmenn, ef ríkisstjórnin samþykkir“ í 3. másl. komi: að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.
3. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., er orðist svo:
Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga Jafnvægisjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum.
4. Við 9. gr.
 - a. 2. tölul. orðist svo:
Fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.
 - b. Í stað orðanna „fyrir gildistöku laga þessara“ í 3. tölul. komi: fyrir árslok 1953.
5. Við 10. gr.
 - a. Aftan við 2. tölul. komi: í fyrsta skipti árið 1957.
 - b. Aftan við 1. másl. 3. tölul. bætist: þó ekki fyrr en 2 árum eftir að skuldin var gjaldkræf eða ríkissjóður innleysti ábyrgðina, enda komi samþykki Alþingis til.
6. Við 13. gr. Síðari másl. falli niður.
7. Við 14. gr. Á eftir orðinu „kaupstað“ í upphafi greinarinnar komi: eða kaup-túni.